

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2019-20 haldinn 23.september 2019 klukkan 13:00

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Gunnar Ingi, Eysteinn, Heiða Guðbjörg, Signý Heiða, Stefanía Guðrún, Bergrós Hanna.

Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri og Fanndís Ósk Pálsdóttir leiðbeinandi. Fulltrúi foreldra: Erla Þórey Ólafsdóttir.

Dóra setur fundinn og bíður alla hjartanlega velkomna á fyrsta grænfánafund vetrarins. Börnin höfðu mikinn áhuga á hvaða litla gráa tæki þetta væri sem ég hefði á borðinu. Ég sagði þeim að þetta væri diktafónn svo ég gæti tekið upp það sem við segðum á fundinum. Því eftir fundinn ætlaði ég að skrifa skýrslu og ég væri ekki viss um að muna allt sem allir segðu á fundinum, þess vegna er betra að diktafón með sér á fundinum.

Við rifjuðum upp hvað litirnir í fánanum tákna. Græni liturinn táknar grasið og náttúruna okkar. Græna í miðjunni táknar tré með laufblöðum og okkur sjálf. Blái liturinn táknar himininn, rigninguna, vatn og ár. Hvíti liturinn táknar snjóinn og jöklana. Bláa á fánanum táknar bók. Ég spurði börnin úr hverju blöðin væru í bókinni. Pappír. Úr hverju er pappír búinn til? Trjám. Við rifjuðum upp bréfið sem við sendum Söndru sveitastjóra og hver tilgangur bréfsins hefði verið.

Við höfum fengið fund fyrstu vikuna í október með Söndru. Hún ætlar að koma með okkur í gönguferð og finna góðan stað fyrir ruslafötu við Skaftá.

Við ræddum hvað við fundum út í móa á gönguferð okkar á bókasafnið, það var plastpoki.

Börnin ákváðu í þeirri gönguferð að nota hann sem ruslapoka og setja allt rusl sem á vegi okkar varð í plastpokann. Börnin greiddu atkvæði með því að í næstu gönguferð myndi vera tekinn með ruslapoki.

Hvað vitið þið um jörðina? Jörðin er með mold undir, jörðin gefur okkur næringu, gras, dýrin borða grasið svo dýrin lifa.

Hvaða verkefni viljið þið gera fyrir næsta fund? Hugmyndir barnanna voru að leika, borða. Ég stakk upp á því að hjálpa hinum í fjölskyldunni að flokka. Allir kusu með því.

Sum börnin héldu að þau myndu gleyma því, við greiddum atkvæði að við myndum hjálpast að við að muna eftir því að kenna hinum á heimilinu. Á næsta fundi ætlum við að ræða hvernig það gekk.

Við rifjuðum upp þegar við söfnuðum plastinu á heimilinu í 3 daga.

Við ætluðum að prófa aðra tilraun og safna pappa í 3 daga á heimilinu í vetur.

Við ræddum hvað við gerum við rauða kassann sem kemur stundum fram úr elshúsinu og við flokkum allt í gráu flokkunarkassana.

Við greiddum atkvæði hverjir væru tilbúnir að slíta fundi og fara að leika sér. Allir greiddu með þeirri tillögu.

Dóra þakkaði öllum fyrir góðan og stuttan fund. Fundi slitið.

Fundargerð

Dóra Esther Einarsdóttir